

Reykjavík, 25. nóvember 2009

Afkoma Bakkavör Group á þriðja ársfjórðungi og fyrstu níu mánuðum ársins 2009**BETRI AFKOMA OG STERKARA SJÓÐSTREYMI
– MIKIL BATAMERKI****Helstu niðurstöður**

- EBITDA* hagnaður eykst um 45% á þriðja ársfjórðungi, 9 milljarðar króna (45,2 m.punda) samanborið við 6,2 milljarða (31,1 milljón punda) á sama ársfjórðungi 2008
- Stórbætt EBITDA* hlutfall á þriðja ársfjórðungi, 10,6% samanborið við 7,7% á sama tímabili 2008
- Hagnaður 838 milljónir króna (4,2 milljónir punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við tap að fjárhæð 11,2 milljarðar króna (55,9 m. punda) á sama tímabili í fyrra – verulegur viðsnúningur sem nemur 12 milljörðum króna (60,1 m. punda)
- Áframhaldandi aukning í sölu á ferskum tilbúnum matvælum félagsins í Bretlandi, 7%** aukning í ársfjórðungnum, sem einkum má rekja til aukinnar sölu í flokki tilbúinna rétta
- Handbætt fé frá rekstri fyrir skatta, vexti og einskiptiskostnað vegna hagræðingaraðgerða nánast tvöfaldast á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tímabil árið 2008, eykst um 86% og nemur 13,3 milljörðum króna (66,5 m. punda)
- Félagið á góðri leið með að ná EBITDA* markmiði ársins, sem eru 25,9 milljarðar króna (130 m. punda) í lok árs 2009, eða 20% aukning milli ára

Ágúst Guðmundsson, forstjóri:

Uppgjör þriðja ársfjórðungs sýnir verulega bættan rekstrarárangur félagsins. EBITDA* hagnaður jókst um 45% og við erum á góðri leið með að ná EBITDA markmiði okkar fyrir árið í heild. Sjóðstreymi hefur áfram styrkst verulega sem helst má rekja til bættrar afkomu og betri stýringar veltufjármuna. Aukin sala félagsins og meiri hagkvæmni í rekstri hafa skilað þessum árangri sem hefur náðst þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi, m.a. vegna aukins kostnaðar við markaðsstarf og áframhaldandi verðhækkana á hráefni.

Í Bretlandi hefur sala félagsins á ferskum tilbúnum matvælum haldið áfram að aukast og til dæmis jókst sala á tilbúnum réttum, einum af lykilvöruflokkum félagsins, um 13% á þriðja ársfjórðungi. Er þetta til marks um sterka stöðu félagsins í lykilvöruflokkum sínum.

Ennfremur höfum við náð mikilvægum áfanga í samningaviðræðum við lánveitendur um endurfjármögnun móðurfélagsins. Við höfum átt í viðræðum við innlenda lánveitendur sem hafa yfir um 70% af skuldum móðurfélagsins að ráða og hafa þeir lýst yfir vilja til að framlengja gjalddaga skuldabréfaflokka og annarra lána félagsins til ársins 2014 en enn er unnið að útfærslu á kjörum og skilmálum samkomulagsins. Við gerum ráð fyrir að niðurstaða verði tilkynnt innan skamms. Fyrr á þessu ári var gengið var frá endurfjármögnun rekstrarfélaga samstæðunnar fram í mars 2012.

Við gerum ráð fyrir að viðskiptaumhverfið haldi áfram að vera krefjandi næstu misseri. Þrátt fyrir það erum við fullviss um að þær aðgerðir sem félagið hefur ráðist í, ásamt þeim vaxtarmöguleikum sem reksturinn býr yfir, muni skila enn betri afkomu á komandi árum.

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson, forstjóri
Sími: 550 9700

Richard Howes, fjármálastjóri
Sími: 550 9700

Ásdís Ýr Pétursdóttir, samskiptasvið
Sími: 550 9715/ 858 9715

*EBITDA að undanskildum einskiptiskostnaði vegna hagræðingar
** Sala leiðrétt m.t.t. framleiðslu sem var hætt vegna hagræðingar

Rekstrarreikningur samstæðunnar - lykiltölur
Fjárhæðir í millj. GBP

	3F 2009		3F 2008		Breyting		
	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	%
Sala	425,5	425,5	425,5	402,8	402,8	402,8	5,6%
Rekstrarhagnaður/EBIT	34,1	(0,4)	33,7	19,9	(1,7)	18,2	85%
Fjármagnsgjöld	(19,2)	(7,1)	(26,3)	(12,3)	(0,1)	(12,4)	112%
Önnur fjármagns(gjöld) tekjur		(18,7)	(18,7)		(9,6)	(9,6)	-
(Tap) hagnaður af öðrum eignum		(0,8)	(0,8)		(16,3)	(16,3)	-
(Tap) hagnaður fyrir skatta	14,9	(27,0)	(12,1)	7,6	(27,7)	(20,1)	-
Tekjuskattur	(5,0)	3,0	(2,0)	(2,7)	3,2	0,5	-
(Tap) hagnaður tímabilsins	9,9	(24,0)	(14,1)	4,9	(24,5)	(19,6)	28%
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	0,4		(0,7)	0,2		(0,9)	26%
EBITDA.....	45,2	(0,4)	44,8	31,1	(1,7)	29,4	52%
EBITDA hlutfall	10,6%		10,5%	7,7%		7,3%	-
Handbært fé frá rekstri			46,1			28,8	60%
Frjálst fjárfæði frá rekstri			40,6			17,7	129%
Arðsemi eigin fjár			-			-	-

	9M 2009		9M 2008		Breyting		
	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnun og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	%
Sala	1.261,9	1.261,9	1.261,9	1.205,8	1.205,8	1.205,8	4,7%
Rekstrarhagnaður/EBIT	68,2	(5,0)	63,2	59,4	(4,8)	54,6	16%
Fjármagnsgjöld	(61,0)	(9,6)	(70,6)	(47,9)	(1,7)	(49,6)	42%
Önnur fjármagns(gjöld) tekjur		5,7	5,7		2,8	2,8	-
(Tap) hagnaður af öðrum eignum		(4,5)	(4,5)		(62,5)	(62,5)	-
(Tap) hagnaður fyrir skatta	7,2	(13,4)	(6,2)	11,5	(66,2)	(54,7)	-
Tekjuskattur	6,3	4,1	10,4	(2,2)	1,0	(1,2)	-
(Tap) hagnaður tímabilsins	13,5	(9,3)	4,2	9,3	(65,2)	(55,9)	-
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	0,6		0,1	0,4		(2,6)	-
EBITDA.....	101,2	(5,0)	96,2	92,7	(4,8)	87,9	9%
EBITDA hlutfall.....	8,0%		7,6%	7,7%		7,3%	-
Handbært fé frá rekstri			58,3			44,3	32%
Frjálst fjárfæði frá rekstri			40,6			4,6	-
Arðsemi eigin fjár			4,6%			-	-

Efnahagsreikningur samstæðunnar - lykiltölur
Fjárhæðir í millj. GBP

	30.9 2009	31.12 2008	Breyting
			%
Fastafjármunir.....	1.211,3	1.222,3	(1%)
Veltufjármunir	306,9	533,5	(42%)
Eignir	1.518,2	1.755,8	(14%)
Eigið fé	122,1	122,7	(0%)
Langtímaskuldir og skuldbindingar	747,8	830,6	(10%)
Skammtímaskuldir	648,3	802,5	(19%)
Eigið fé og skuldir	1.518,2	1.755,8	(14%)

Sjóðstreymi samstæðunnar - lykiltölur
Fjárhæðir í millj. GBP

	3F 2009	3F 2008	Breyting	9M 2009	9M 2008	Breyting
			%			%
Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti	65,0	35,7	82%	108,1	68,4	58%
Handbært fé frá rekstri	46,1	28,8	60%	58,3	44,3	32%
Fjárfestingahreyfingar	(9,3)	(16,9)	-	(22,2)	(159,7)	-
Fjármögnunahreyfingar	(22,6)	153,8	-	(210,0)	253,5	-
Breyting handbærs fjár	14,2	165,7	(91%)	(173,9)	138,1	-
Frjálst fjárfæði frá rekstri	40,6	17,7	129%	40,6	4,6	-

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

Samþykkt reikninga

Stjórn Bakkavör Group hf. samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2009 á stjórnarfundi þann 25. nóvember 2009.

Yfirlit rekstrar á þriðja ársfjórðungi og fyrstu níu mánuðum ársins 2009

Reikningsskilaaðferðir

Samstæðureikningur Bakkavör Group hf. fyrir reikningstímabilið sem lauk 30. september 2009, er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu. Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2008 fyrir utan áhrif innleiðingar IFRS 8 Operating Segments (Starfsþættir) og IAS 1 (endurskoðaður 2007) Presentation of Financial Statements (Framsetning reikningsskila).

Yfirlit yfir afkomu Bakkavör Group á þriðja ársfjórðungi og fyrstu níu mánuðum ársins 2009

Á þriðja ársfjórðungi batnaði afkoma félagsins til muna frá ársfjórðungunum á undan og sama tímabili 2008 með mikilli söluaukningu og bættri framlegð í ferskum tilbúnum matvælum félagsins í Bretlandi. Í takt við væntingar stjórnenda og afkomuspá sem kynnt var fyrr á árinu hefur orðið töluverður viðsnúningur í afkomu, einkum vegna bætts rekstrar og jákvæðra áhrifa hagræðingaraðgerða sem félagið lauk fyrr á árinu.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og kostnað vegna hagræðingaraðgerða (pre-restructuring EBITDA) jókst verulega eða um 45% og nam 9 mö.kr. (45,2 m.punda) í ársfjórðungnum, samanborið við 6,2 ma.kr. (31,1 m.punda) á sama tímabili 2008. EBITDA hlutfall að undanskildum kostnaði vegna hagræðingaraðgerða hækkaði verulega og var 10,6% á þriðja ársfjórðungi samanborið við 7,7% á sama tímabili 2008. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og kostnað vegna hagræðingaraðgerða (pre-restructuring EBITDA) á fyrstu níu mánuðum ársins nam 20,2 mö.kr. (101,2 m.punda), samanborið við 18,5 ma.kr. (92,7 m.punda) á sama tímabili í fyrra, sem er 9,2% hækkun. Sjá nánari upplýsingar um afkomu í yfirliti yfir helstu þætti sem höfðu áhrif á rekstur þriðja ársfjórðungs og fyrstu níu mánuðum ársins 2009 á bls. 5.

Sala á þriðja ársfjórðungi nam 84,9 mö.kr. (425,5 m.punda) og 251,8 mö.kr. (1.261,9 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins. Aukna sölu má öðru fremur rekja til söluaukningar í ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi. Undirliggjandi rekstur¹ á föstu gengi dróst hinsvegar saman um 2% á fyrstu níu mánuðum mánuðum ársins og um 4% á þriðja ársfjórðungi. Nánari upplýsingar er að finna í markaðs- og söluýfirliti á bls. 6.

Rekstrarhagnaður fyrir einkiptiskostnað jókst um 85% á þriðja ársfjórðungi eða um 2,8 ma.kr. (14,2 m.punda) miðað við sama tímabil 2008 og nam 6,8 mö.kr. (34,1 m.punda). Rekstrarhagnaður fyrir einkiptiskostnað á fyrstu níu mánuðum ársins jókst um 1,7 ma.kr. (8,6 m.punda) miðað við sama tímabil 2008 og nam 12,6 mö.kr. (63,2 m.punda) samanborið við 10,9 ma.kr. (54,6 m.punda) á sama tímabili 2008.

Fjármagnsgjöld á fyrstu níu mánuðum ársins fela í sér kostnað vegna endurfjármögnunar félagsins á árinu sem nemur 1,9 mö.kr. (9,6 m.punda). Að kostnaðinum undanskyldum eru fjármagnsgjöld að fjárhæð 12,2 ma.kr. (61,0 m.punda) fyrstu níu mánuði ársins vel innan marka rekstrarhagnaðar félagsins.

Aðrar fjármagnstekjur námu 1,1 ma.kr. (5,7 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 559 m.kr. (2,8 m.punda) á sama tímabili 2008, en mestur hluti hagnaðar á öðrum ársfjórðungi 2009 gekk til baka á þriðja ársfjórðungi. Einkum má rekja þessa breytingu til áframhaldandi sveiflna á gangvirðri vaxtaskiptasamninga og gengi gjaldmiðla, einkum veikingar pundins gagnvart öðrum gjaldmiðlum, þ.á.m. íslensku krónunni.

¹ Sala í undirliggjandi rekstri nær einnig til félaga sem fjárfest var í á árinu, miðað við að þau hafi verið hluti af móðurfélaginu frá 1. október 2007

Verulegur viðsnúningur var í afkomu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins eða sem nemur 12,0 mö.kr. (60,1 m.punda) en hagnaður félagsins nam 838 m.kr. (4,2 m.punda) á tímabilinu samanborið við tap að upphæð 11,2 mö.kr. (55,9 m.punda) á sama tímabili 2008.

Hagnaður hluthafa á fyrstu níu mánuðum ársins nam 539 m.kr. (2,7 m. punda), samanborið við tap hluthafa að fjárhæð 11,3 ma.kr. (56,8 m.punda) á sama tímabili 2008. Hagnaður á hlut á fyrstu níu mánuðum ársins nam 0,1 pensum samanborið við tap að fjárhæð 2,6 pens á hlut á sama tímabili 2008.

Efnahagur 30. júní 2009

Eignir

Heildareignir félagsins 30. september 2009 námu 303,3 mö.kr. (1,5 ma.punda) samanborið við 305,3 ma.kr. (1,5 ma.punda) í lok annars ársfjórðungs 2009 og 351,1 ma.kr. (1,8 ma.punda) 31. desember 2008, en breytingin er að mestu tilkomin vegna greiðslu lána með handbæru fé og lækunar á viðskiptakröfum miðað við stöðu í lok september.

Skuldir og eigið fé

Skammtímaskuldir lækkuðu úr 160,1 mö.kr. (802,5 m.punda) í árslok 2008 í 129,3 ma.kr. (648,3 m.punda) í lok annars ársfjórðungs 2009. Skammtímalán lækkuðu úr 72,8 mö.kr. (364,8 m.punda) í árslok 2008 í 49 ma.kr. (245,7 m.punda) sem skýrist einkum af endurfjármögnun lána rekstrarfélaga samstæðunnar til 30. mars 2012 auk þess sem 18,9 ma. kr. (94,9 m.punda) í handbæru fé voru nýttar til greiðslu annarra skammtímaskulda. Langtímaskuldir hafa lækkað um 16,5 ma.kr. (82,8 m.punda) og námu 149,2 mö.kr. (747,8 m.punda) í lok september 2009, samanborið við 165,7 ma.kr. (830,6 m.punda) í árslok 2008.

Mikilvægum áfanga í samningaviðræðum við lánveitendur um endurfjármögnun móðurfélagsins hefur verið náð. Hópur innlendra lánveitenda sem hafa yfir um 70% af skuldum móðurfélagsins að ráða hefur lýst yfir vilja til að framlengja gjalddaga skuldabréfaflokka og annarra lána félagsins til ársins 2014 en enn er unnið að útfærslu á kjörum og skilmálum samkomulagsins. Gert er ráð fyrir að niðurstaða verði tilkynnt innan skamms. Fyrr á þessu ári var gengið frá endurfjármögnun rekstrarfélaga samstæðunnar til þriggja ára.

Eigið fé jókst úr 22,8 mö.kr. (114,5 m.punda) í lok annars ársfjórðungs 2009 í 24,4 ma.kr. (122,1 m.punda) í lok september. Aukninguna má rekja til hagnaðar félagsins, gengishagnaðar og hagstæðara mats á lífeyrisskuldbindingum félagsins. Eiginfjárhlutfall í lok þriðja ársfjórðungs var 8,0% samanborið við 7,5% í lok annars ársfjórðungs 2009, sem öðru fremur skýrist af jákvæðum áhrifum bættrar afkomu og lækunar skulda.

Sjóðstreymi

Félagið skilar á ný sterku sjóðstreymi sem skýrist einkum af bættri afkomu og betri stýringu veltufjár. Frjálst fjárflæði frá rekstri** meira en tvöfaldaðist á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil 2008 og nam 8,1 ma.kr. (40,6 m.punda), en var 3,5 ma.kr. (17,7 m.punda) á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti, skatta og einskíptiskostnað vegna hagræðingaraðgerða jókst um 86% og nam 13,3 mö.kr. (66,5 m.punda) á þriðja ársfjórðungi 2009 samanborið við 7,1 ma.kr. (35,7 m.punda) á sama tímabili 2008. Handbært fé frá rekstri fyrir vexti, skatta og einskíptiskostnað vegna hagræðingaraðgerða nam 22,8 mö.kr. (114,2 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 13,6 ma.kr. (68,4 m.punda) á sama tímabili 2008, og jókst um 9,1 ma.kr. (45,8 m.punda). Félagið hefur átt gott samstarf við birgja um að lágmarka áhrif almennrar afturköllunar greiðslufallstrygginga í matvælaíðnaðinum í Bretlandi fyrir rúmu ári en þetta samstarf og betri stýring veltufjármuna félagsins hafa einkum stuðlað að aukningu handbærs fjár frá rekstri.

Handbært fé frá rekstri að teknu tilliti til greiðslu vaxta og skatta jókst um 60% og nam 9,2 mö.kr. (46,1 m.punda) á þriðja ársfjórðungi 2009 samanborið við 5,7 ma.kr. (28,8 m.punda) á sama tímabili 2008. Handbært fé frá rekstri að teknu tilliti til greiðslu vaxta og skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 nam 11,6 mö.kr. (58,3 m.punda) samanborið við 8,8 ma.kr. (44,3 m.punda) á sama tímabili 2008, en einskíptiskostnaður vegna hagræðingaraðgerða sem ráðist var í árið 2008 nam 1,2 mö.kr. (6,1 m.punda) fyrstu níu mánuði ársins. Vaxtagreiðslur jukust um 3,9 ma.kr. (19,5 m.punda) í 9,5 ma.kr. (47,5 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 vegna breytinga á gjalddögum vaxtagreiðslna og aukinnar skuldsetningar. Félagið greiddi tekjuskatt að fjárhæð 459 m.kr. (2,3 m.punda) á fyrstu níu mánuðum 2009 samanborið við 778 m.kr. (3,9 m.punda) endurgreiðslu á sama tímabili 2008.

Fjárfestingarhreyfingar námu 4,4 ma.kr. (22,2 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 31,9 ma.kr. (159,7 m.punda) á sama tímabili 2008. Þar sem félagið hefur fjárfest mikið í rekstrarfjármunum og fyrirtækjum á undanförunum þremur árum hefur dregið úr fjárfestingarþörf þess. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu þess vegna 3,5 mö.kr. (17,7 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er ríflega helmingur afskrifta á tímabilinu, og voru 4,4 mö.kr. (22,0 m.punda) lægri en fjárfestingar í rekstrarfjármunum á sama tímabili 2008. Félagið er á áætlun með að ná markmiðum sínum um minni fjárfestingu í rekstrarfjármunum.

Frjálst fjárflæði frá rekstri þ.e. handbært fé eftir greiðslu vaxta, skatta og fjárfestingar í rekstrarfjármunum hefur nífaldast á fyrstu níu mánuðum ársins, frá 918 m.kr. (4,6 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, í 8,1 ma.kr. (40,6 m.punda) á sama tímabili 2009. Við gerum ráð fyrir að sjóðstreymi verði áfram sterkt í fjórða ársfjórðungi sem stafar einkum af jákvæðum áhrifum hagræðingaraðgerða félagsins, bættis rekstrar og betri stýringar veltufjár.

**Frjálst fjárflæði frá rekstri er skilgreint sem handbært fé frá rekstri eftir greiðslu vaxta, skatta og fjárfestinga í fastafjármunum.

Helstu þættir sem höfðu áhrif á rekstur á þriðja ársfjórðungi og fyrstu níu mánuðum ársins 2009

Yfirlit

Bakkavör Group hélt áfram að skila bættri afkomu á nýafstöðnum ársfjórðungi en EBITDA* hagnaður jókst um 45% og nam 9 milljörðum króna (45,2 milljónum punda). Félagið er því komið vel á veg að ná markmiði stjórnenda um 26 milljarða króna (130 milljóna punda) EBITDA hagnað á árinu. Þessa niðurstöðu má öðru fremur rekja til áframhaldandi söluaukningar á helstu mörkuðum félagsins og minnkandi kostnaðar sem náðst hefur með aukinni hagkvæmni og bættri nýtingu í rekstri sem og íhaldsamri stefnu þegar kemur að fjárfestingu í fastafjármunum. Viðskiptaumhverfið var þó áfram krefjandi, meðal annars vegna aukins kostnaðar við markaðsstarf og áhrifa verðhækkana á hráefni.

Sala í lykilveruflokkum félagsins í Bretlandi hélt áfram að aukast á þriðja ársfjórðungi sem einkum má rekja til aukinnar markaðshlutdeildar félagsins, aukins markaðsstarfs og árangursríkrar vöruþróunar. Þessi árangur náðist þrátt fyrir að Bakkavör hafi hætt framleiðslu nokkurra óarðbærra vörutegunda, sem var liður í hagræðingaraðgerðum félagsins, auk harðnandi samkeppni á markaðnum.

Yfirlit yfir helstu þætti sem höfðu áhrif á rekstur Bakkavarar á fyrstu níu mánuðum ársins og þriðja ársfjórðungi og aðgerðir félagsins til að bregðast við þeim er að finna hér fyrir neðan:

Aukin hagkvæmni í rekstri skilar bættu sjóðstreymi og auknu samkeppnisforskoti

Hjá Bakkavör er lögð höfuðáhersla á að auka hagkvæmni í rekstri. Sjóðstreymi hefur haldið áfram að styrkjast og afkoma félagsins batnað verulega í kjölfar viðamikilla hagræðingaraðgerða félagsins í Bretlandi. Stjórnendur félagsins halda nú áfram að endurskoða alla þætti rekstrarins með það að markmiði að auka hagkvæmni enn frekar og lágmarka kostnað, á sama tíma og unnið er að því að styrkja samkeppnisforskot félagsins á lykilmörkuðum þess. Í júlí síðastliðnum lauk sem dæmi hagræðingu í salatframleiðslu félagsins í Frakklandi þar sem markmiðið var að hámarka nýtingu og auka sveigjanleika til að laga félagið að breyttum markaðsaðstæðum.

Sala eykst við að bjóða neytendum “meira fyrir minna”

Í þessu efnahagsástandi eru neytendur enn meðvitaðri um verð og verðbreytingar. Í samkeppni um viðskiptavinum hafa stórmarkaðir í Bretlandi haldið áfram að bregðast við þessari þróun með því að auka fjölda tilboða í verslunum sínum, lækka verð og auka úrval ódýrari vara. Bakkavör hefur unnið náði með viðskiptavinum sínum að auknu markaðsstarfi og hefur tekist að auka sölu félagsins töluvert sem og að ná nýjum viðskiptavinum. Hins vegar heldur aukinn kostnaður vegna markaðssetningar áfram að hafa áhrif á afkomu félagsins og gerum við ráð fyrir áframhaldi á því á meðan neytendur halda áfram að láta fyrst og fremst verð ráða vali sínu við innkaup.

*EBITDA að undanskildum einskiptiskostnaði vegna hagræðingar

Lágmörkun áhrifa verðhækkana á hráefni forgangsverkefni

Áhrifa verðhækkana á hráefni heldur áfram að gæta, öðru fremur vegna sveiflna í verði á lykilhráefni félagsins og áhrifa veikingar gengis breska pundins gagnvart myntum eins og evru og bandaríkjadal á framleiðslukostnað.

Til dæmis hefur eftirspurn eftir smjöri og rjóma verið langt umfram framboð undanfarið sem einkum má rekja til þess að Evrópusambandið ákvað að fresta því að selja birgðir af smjöri sem það hafði keypt, en það er hluti af opinberri íhlutun þess í landbúnaði. Þessi seinkun hefur haft veruleg áhrif til hækkunar á innkaupakostnaði á rjóma og smjöri. Verð á rjóma hefur til dæmis hækkað um 70% á undanförunum mánuðum og er reiknað með að verð á mjólkuvörum muni ekki lækka fram til 2010. Þar að auki hefur verð á ýmsum kjötvörum, svo sem nautakjöti, haldist hátt þar sem eftirspurn eftir ódýrari kjötafurförum hefur aukist.

Uppskerutíminn í Bretlandi hefur hins vegar verið góður, framboð nægt og gæði uppskerunnar mikil. Með því að skipta yfir til innlendra birgja í Bretlandi hefur tekist að draga að hluta úr áhrifum verðhækkana á ákveðnu hráefnum eins og fersku óskornu grænmeti sem annars þyrfti að flytja inn erlendis frá á hærra verði. Stjórnendur munu áfram leggja áherslu á að draga úr áhrifum verðhækkana eins og kostur er.


Markaðs- og söluyfirlit félagsins eftir landsvæðum

Bretland

Í Bretlandi framleiðir Bakkavör Group úrval ferskra tilbúinna matvæla og óskorins grænmetis.

Sala á ferskum tilbúnum matvælum nam 88% af heildarveltu félagsins í Bretlandi á fyrstu níu mánuðum ársins en í Bretlandi nær markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli yfir vöruflokka á borð við tilbúna rétti, eftirrætti, fersk salöt, tilbúin salöt, pizzur, idýfur, niðurskorna ávexti og súpur. Sala félagsins í flokki óskorins grænmetis nam 12% af heildarveltu þess í Bretlandi á fyrstu níu mánuðum ársins en félagið selur m.a. kál, tómata og gúrkur.

Fersk tilbúin matvæli í sókn



Sala á ferskum tilbúnum matvælum á markaðnum í heild hefur haldið áfram að aukast þrátt fyrir núverandi efnahagsástand.

Undirliggjandi sala¹ Bakkavara á ferskum tilbúnum matvælum hélt einnig áfram að aukast á nýafstöðnum ársfjórðungi en sala jókst um 4,7% á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 5,9% vöxt markaðsins í heild. Hefði félagið ekki hætt framleiðslu ákveðinna óarðbærra vörutegunda á tímabilinu hefði undirliggjandi sala á ferskum tilbúnum matvælum Bakkavara


aukist um 7% á ársfjórðungum, sem er umfram markmið félagsins um að vaxa hraðar en markaðurinn á hverjum tíma. Þennan árangur má einkum rekja til góðrar söluaukningar í vöruflokkum á borð við tilbúna rétti, eftirrætti, tilbúin salöt, "stir-fries" og brauð. Á þriðja ársfjórðungi jókst til dæmis undirliggjandi sala tilbúinna rétta félagsins tvöfalt miðað við vöxt markaðsins á sama tímabili, eða um 13% samanborið við 6% vöxt á markaðnum. Þetta má einkum má rekja til aukinnar markaðshlutdeildar sem félagið náði í lok 2008 auk vel heppnaðrar vöruþróunar og aukins markaðsstarfs á tímabilinu.

Áfram dregur úr sölu á óskornu grænmeti eins og reiknað var með

Undirliggjandi sala félagsins á óskornu grænmeti dróst saman um 19% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 33% á þriðja ársfjórðungi. Frá því í byrjun árs hefur verið unnið að því að endurmeta stöðu félagsins á sviði fersks tilbúins grænmetis með það að markmiði að laga félagið að breytingum á hópi viðskiptavina þess og að aðstæðum á markaði. Þetta ferli fól meðal annars í sér að félagið hætti að útvega Asda ákveðnar vörutegundir í kjölfar endurskipulagningar hjá Asda á innkaupum.

Í október síðastliðnum, var svo gengið frá sölu á einu af fyrirtækjum Bakkavarar, International Produce, til Asda, í kjölfar ákvörðunar þess síðarnefnda að nýta sér kauprétt á því fyrirtæki innan fimm ára frá stofnun þrátt fyrir að áhrifa þessara breytinga muni halda áfram að gæta á sölu félagsins á óskornu grænmeti út árið, hafa þær einnig gert félaginu kleift að stækka hóp viðskiptavina félagsins og eins leggja áherslu á sölu arðbærari vörutegunda.

Sala á óskornu grænmeti hefur áhrif á heildarsölu í Bretlandi



Heimild: TNS RST Summary period ending 4th Oct 2009
Bakkavör internal sales figures Sept 2009 (YTD normalised)

Dregið hefur úr söluverðmæti á matvælamarkaðnum í heild í Bretlandi á sama tíma og tekið hefur að draga úr áhrifum verðhækkana á hráefni.

Sala í Bretlandi nam 84% af heildarveltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins eða 212 milljörðum króna (1.062,6 milljónum punda) og nam 72 milljörðum króna (360,7 milljónum punda) á þriðja ársfjórðungi.

Þrátt fyrir að sala félagsins á ferskum tilbúnum matvælum hafi verið að aukast heldur samdráttur í sölu á óskornu grænmeti áfram að hafa áhrif á heildarsölu félagsins í Bretlandi. Undirliggjandi¹ sala í Bretlandi dróst saman um 1,5% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 2,0% á þriðja ársfjórðungi.

Meginland Evrópu

Búið í haginn fyrir framtíðarvöxt á sama tíma og tekist er á við krefjandi aðstæður

Bakkavör Group er með starfsemi í Frakklandi, á Spáni, Ítalíu, í Belgíu og í Tékklandi þar sem félagið framleiðir fersk tilbúin matvæli eins og fersk salöt, pizzur, tilbúna rétti, súpur, niðurskorið grænmeti og ávexti. Sala á meginlandi Evrópu nam 13% af heildarveltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins eða 31,7 milljörðum króna (159,1 milljónum punda) og 10,4 milljörðum króna (52,1 milljón punda) á þriðja ársfjórðungi.

Þrátt fyrir að reiknað sé með að viðskiptaumhverfið verði áfram krefjandi á meginlandi Evrópu eru merki um það að efnahagsbati sé hafinn í flestum af stærri hagkerfunum. Þrátt fyrir þessar krefjandi aðstæður halda fyrirtæki Bakkavarar áfram að auka fjölbreytni í hópi viðskiptavina, sem og auka fjölbreytni vöruúrvals. Til dæmis er félagið að hefja framleiðslu á tilbúnum réttum fyrir nýja viðskiptavini í Belgíu, Frakklandi og Skandinavíu, auk þess sem áfram er leitast við að nýta tækifæri til samlegðar hjá fyrirtækjum félagsins á meginlandinu, síðast með markaðssetningu nýrra vörutegunda frá verksmiðjum Bakkavarar í Belgíu á franska markaðnum.

Framleiðsla félagsins á ferskum salötum í Evrópu heldur áfram að verða fyrir áhrifum efnahagsástandsins, með samdrætti sölu, aukinni samkeppni og meiri kostnaði við markaðsstarf, ásamt minnkandi framlegð. Samþjöppun í rekstri salatverksmiðja félagsins nú nýverið gerir félaginu hins vegar kleift að hámarka framleiðni og nýta aukið svigrúm til að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum. Stjórnendur eru þess fullvissir að félagið mun ná að viðhalda sem og þróa lykilstöðu sína á þessum markaði enn frekar.

Sala á meginlandi Evrópu jókst um 19% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 4% á þriðja ársfjórðungi. Undirliggjandi sala¹ á meginlandi Evrópu dróst saman um 7% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 16% á þriðja ársfjórðungi, sem er til merkis um erfiðar aðstæður í efnahagslífinu.

Aðrir heimshlutar

Minni neysla hefur áhrif á sölu til skamms tíma

Að undanskyldu Bretlandi og meginlandi Evrópu er Bakkavör Group einnig með starfsemi í Asíu og í Bandaríkjunum. Sala félagsins í þessum heimshlutum nam samanlagt 3% af heildarveltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 eða 8 milljörðum króna (40,2 milljónum punda) og 2,5 milljörðum króna (12,7 milljörðum króna) á þriðja ársfjórðungi.

Eins og á meginlandi Evrópu leitast fyrirtæki félagsins í Asíu og Bandaríkjunum við að styrkja stöðu sína þrátt fyrir að dragi úr einkaneyslu með því að þróa viðskiptasambönd og auka vöruúrval. Á þriðja ársfjórðungi studdi Bakkavör m.a. einn af lykilviðskiptavinum félagsins í Bretlandi í að markaðssetja í fyrsta skipti úrval kældra vara, s.s. samlokur, salöt og hristinga (e. smoothies), í Hong Kong með góðum árangri. Í Bandaríkjunum hefur félagið einnig í samvinnu við viðskiptavini, þróað nýjar vörutegundir svo sem eftirrétti, salöt, bakkelsi og pasta, auk þess að markaðssetja sósur fyrir nýjan viðskiptavin. Ennfremur er unnið að því að þróa frekar önnur vaxtatækifæri í samvinnu við nýja viðskiptavini félagsins.

Samanlagt jókst sala félagsins í þessum heimshlutum um 55% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 17% á þriðja ársfjórðungi. Hins vegar dróst undirliggjandi sala saman um 1,4% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 15% á þriðja ársfjórðungi, sé miðað við fast gengi, bæði vegna ákvörðunar félagsins að hætta framleiðslu á nokkrum óarðbærum vörutegundum og að neytendur drógu almennt úr neyslu á tímabilinu.

Framtíðarhorfur

Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að afkoma félagsins muni halda áfram að batna út árið og að markmiðum um 20% aukningu EBITDA hagnaðar fyrir árið í heild, í 25,9 milljarða króna (130 milljónir punda) verði náð.

Stjórnendur félagsins munu halda áfram að efla sterka markaðsstöðu félagsins í Bretlandi á sama tíma og unnið er að því að styrkja stöðu félagsins á meginlandi Evrópu, í Asíu og Bandaríkjunum frekar. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á mörkuðum í dag hafa stjórnendur fulla trú á markaðnum fyrir fersk tilbúin matvæli á þessum markaðssvæðum þegar til lengri tíma er lítið.

Ársfjórðungsfirlit - lykiltölur	Fjárhæðir í millj. GBP				
	3F 2009	2F 2009	1F 2009	4F 2008	3F 2008
Sala	425,5	426,6	409,8	412,5	402,8
Kostnaðarverð seldra vara	(321,0)	(334,7)	(331,3)	(321,8)	(312,6)
Framlegð	104,5	91,9	78,5	90,7	90,2
Annar rekstrarkostnaður	(70,9)	(65,7)	(71,0)	(85,9)	(70,4)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,5	0,2	0,2	(0,4)	0,1
Rekstrarhagnaður/EBIT án kostnaðar v. endurskipulagningar	34,1	26,4	7,7	4,4	19,9
Kostnaður vegna endurskipulagningar	(0,4)	(4,6)	0,0	(37,0)	(1,7)
Rekstrarhagnaður(tap)/EBIT með kostnaði v. endurskipulagningar.....	33,7	21,8	7,7	(32,6)	18,2
Fjármagnsgjöld	(26,3)	(24,1)	(20,2)	(14,4)	(12,4)
Önnur fjármagns(gjöld) tekjur	(18,7)	31,3	(6,9)	(53,7)	(9,6)
Tap af öðrum eignum	(0,8)	(3,7)	0,0	(0,4)	(16,3)
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(12,1)	25,3	(19,4)	(101,1)	(20,1)
Tekjuskattur	(2,0)	1,1	11,3	2,8	0,5
(Tap) hagnaður tímabilsins	(14,1)	26,4	(8,1)	(98,3)	(19,6)
(Tap) hagnaður hluthafa	(14,9)	26,1	(8,5)	(97,1)	(20,0)
Hlutdeild minnihluta	0,8	0,3	0,4	(1,2)	0,5
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	(0,7)	1,2	(0,4)	(4,5)	(0,9)
EBITDA án kostnaðar v. endurskipulagningar	45,2	37,3	18,7	15,7	31,1
EBITDA með kostnaði v. endurskipulagningar	44,8	32,7	18,7	(3,8)	29,4
EBITDA hlutfall án kostnaðar v. endurskipulagningar	10,6%	8,7%	4,6%	3,8%	7,7%
EBITDA hlutfall með kostnaði v. endurskipulagningar	10,5%	7,7%	4,6%	(0,9%)	7,3%

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

Kynningarfundur vegna uppgjörs fyrstu níu mánaða og þriðja ársfjórðungs 2009 26. nóvember

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 26. nóvember kl. 9:00 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Á fundinum munu Ágúst Guðmundsson, forstjóri, og Richard Howes, fjármálastjóri, skýra uppgjörið og svara fyrirspurnum.

Fjárhagsdagatal 2009

Uppgjör Bakkavör Group fyrir fjórða ársfjórðung og árið 2009 í heild mun verða birt þriðjudaginn 30. mars 2010.

Um Bakkavör Group

Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Heildarvelta félagsins nam 1,6 milljörðum punda árið 2008. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með framleiðslu í 8 öðrum löndum: Frakklandi, Belgíu, Ítalíu, Spáni, Tékklandi, Suður-Afríku, Kína og Hong Kong, og Bandaríkjunum.

Stefna Bakkavör Group er að vera leiðandi í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum á alþjóðavísu. Félagið hefur náð leiðandi markaðstöðu í helstu lykilvöruflokkum sínum og framleiðir yfir 6.000 vörutegundir í 18 vöruflokkum. Vörur félagsins eru seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna

Höfuðstöðvar eru í Reykjavík og í Lincolnshire, Bretlandi. Félagið er skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi - www.nasdaqomxnordic.com. (Auðkenni BAKK).

Skráning á póstlista Bakkavör Group: fjarfestatengsl@bakkavor.com